

**Fundargerð 442. fundar Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1,
Tálknafirði, miðvikudaginn 9. maí 2012 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS) Formaður, Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) Aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) Aðalmaður, Guðni Ólafsson (GÓ) 1. varamaður og Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari.

Fundargerð ritaði: Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Oddviti

Guðni Ólafsson (GÓ) situr fundinn sem varamaður Birnu Benediktsdóttur (BB).

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun. Svo var ekki. Oddviti óskaði eftir afbrigði við dagskrá, að tekinn verði á dagskrá sem liður nr.6 upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra. Aðrir liðir færast neðar sem því nemur. Samþykkt samhljóða.

Oddviti lýsti fundinn lögmætan.

Gengið til dagskrár.

Dagskrá:

**1. 1205020 - Samband íslenskra sveitarfélaga, fundargerð 796.fundar stjórnar
27.apríl 2012**

Lagt fram til kynningar.

2. 1205005F - Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 40

Tekin fyrir fundargerð byggingar- og umhverfisnefndar, dags. 7. maí 2012.

Fundargerðin er í tveimur liðum.

Liður 1.

Tekin fyrir tillaga að breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006-2018. Breytingin er í fimm liðum:

Í fyrsta lagi breyting á köflum um iðnaðarsvæði en um er að ræða breytingu vegna fyrirhugaðar heitavatsborholu í Sveinseyrarhlíð, stækkun iðnaðarsvæða I2 og I3 innan þéttbýlisins og ný iðnaðarsvæði í Sveinseyrarhlíð fyrir litlar fódurstöðvar fyrir laxeldi. Í öðru lagi afmörkun nýs vatnsverndarsvæðis í landi Sveinseyrar. Í þriðja lagi færsla á frístundabyggðasvæði F2 samfara afmörkun vatnsverndarsvæðis í landi Sveinseyrar. Í fjórða lagi nýtt opið svæði til sérstakra nota, einnig í landi Sveinseyrar og að lokum hitaveitulögn sem liggja mun frá borholu til þéttbýlisins í Tálknafirði.

Farið hefur fram kynning á breytingunni á opnu húsi sem haldin var á Tálknafirði 30. apríl sl.

Nefndin hefur yfirfarið tillöguna og leggur til að óskað verði eftir heimild Skipulagsstofnunar til að auglýsa hana skv. 31. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Ennfremur að tillagan verði send til eftirtalinna umsagnaraðila: Fornleifavernd ríkisins, Umhverfisstofnun, Orkustofnun, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og Siglingastofnun.

Hreppsnefnd samþykkir lið 1 og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að óska eftir heimild til auglýsingar til Skipulagsstofnunar og að tillaga fari í umsagnarferli.

Liður 2.

Tekið fyrir erindi frá Jón Erni Pálsyni þar sem gerð er tillaga að reiðstíg. Nefndin tekur vel erindið og vísar því hreppsnefndar.

Hreppsnefnd leggur til að reiðleið fari inn í tillögu að breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðar áður en tillagan verði auglýst. Reiðleið liggur m.a.um land Tálknafjarðarhrepps og að hluta um land í eigu annarra, verður því leitað samþykkis landeigenda fyrir því að sýna reiðleið frá Gilsá að hesthúsahverfi.

Samþykkt samhljóða.

3. 1204032 - Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2011

Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2011, ásamt áritun óháðs endurskoðanda lagður fram til síðari umræðu.

Farið var yfir helstu lykiltölur fyrir árið 2011:

Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2011 var lagður fram til fyrri umræðu á 441. fundi hreppsnefndar 24.apríl 2012. Oddviti fór yfir helstu niðurstöður ársreikningsins sem eru að heildarrekstrartekjur sveitasjóðs og stofnana hans voru 231 millj.kr. og rekstrargjöld 215,9 millj.kr.

Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var því jákvæð um 15 millj.kr. borið saman við 8,5 millj.kr. afgang sem áætlað var samkvæmt fjárhagsáætlun ársins. Rekstrarniðurstaða ársins er jákvæð um 4,4 millj.kr.. Veltufé frá rekstri nam 11,1 millj.kr. og handbært fé frá rekstri 14,6 millj.kr. Handbært fé í árslok 760 þús.kr. Eigið fé í árslok er 175,6 millj.kr. og hækkar um 11,3 millj. kr. milli ára.

Rekstur sveitarfélagsins. Skatttekjur urðu 103,2 millj.kr. eða 7,6 millj.kr. hærri en áætlað var. Laun og launatengd gjöld voru 108,3 millj.kr., almennur rekstrarkostnaður 97,9 millj.kr., afskriftir 9,8 millj.kr. og nettó fjármagnskostnaður 10,6 millj.kr. Þeir málaflokkar sem mest tóku til sín voru fræðslumál með 99,9 millj.kr., æskulýðs- og íþróttamál 39,9 millj.kr., sameiginlegur kostnaður 30,3 millj.kr. Heildarskuldir sveitarsjóðs og stofnana hans námu 161,3 millj.kr. í árslok 2011.

Langtímaskuldir við lánastofnanir 96,5 millj. kr og næsta árs afborganir 16,4 millj. kr., alls 112,9 millj. kr. borið saman við 101,4 millj.kr. í árslok 2010 og hækkuðu því skuldir um 11,5 millj.kr. á milli ára. Heildar veltufjármunir í árslok 2011 30,5 millj.kr. Heildar fastafjármunir voru 306,4 millj.kr. Eigið fé 175,6 millj.kr. Undirritað staðfestingarbréf stjórnenda, ásamt viðauka, lagt fram og lesið. Engar skriflegar fyrirspurnir bárust á milli umræða.

Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans 2011 borinn upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða og staðfestur með undirritun.

4. 1203043 - Útboð á slætti á grænum svæðum Tálknafjarðarhrepps

Fyrir fundinum liggja útboðsgögn vegna útboðs á slætti fyrir árin 2012 til og með 2014.

Oddvita falið að auglýsa útboðið. Samþykkt samhljóða.

5. 1205022 - Viljayfirlýsing við Hjallastefnuna ehf.um rekstur Tálknafjarðarskóla.

Fundargerð vinnufundar 2.maí, undirrituð viljayfirlýsing og fundargerð aukafundar 4.maí. Bréf oddvita til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins kynnt.

Samþykkt samhljóða.

6. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

Oddviti kynnti hreppsnefnd að þrír starfsmenn hafi sagt upp störfum frá og með 1.maí 2012. Þau eru Ásgeir Jónsson, starfsmaður áhaldahúss og hafnar. Jóhanna Eyrún Guðnadóttir, leiðbeinandi leikskóla og Sigurlaug Guðmundsdóttir, leiðbeinandi á leikskóla.

Oddviti kynnti hreppsnefnd taxta sumarstarfsfólks.

7. 1203010 - Fiskistofa - Þóroddur rekstrarleyfi

Lagt fram til kynningar.

8. 1205035 - Rekstrarleyfi til Bæjarvíkur ehf.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:40.
